

## 365. Stjórnarfundur haldinn 13. janúar 2011 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður M. Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolffson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Bréf frá: sjúkráþjálfurum v/ breytingar á fyrirkomulagi á greiðslu fyrir sjúkráþjálfun íþróttamanna. *Fjölfaldað og sett í skúffur deilda.*

Fundagerð 37. sambandsráðsfundar UMFÍ ásamt samþykktum tilögum. *Móttekin.*

Íslandspósti v/hækkunar á pósthólfisleigu. *Umræður um hvort ætti að vera með hólf.*

RSK fyrirtækjaskrá staðfesting á breyttu heimilisfangi. *Móttekin.*

Knattspyrnudeild v/nýrra keppnisbúninga. *Samþykkt að gera ekki athugasemdir við að varabúningurinn væri svartur eða spila í svörtum búningi á tillidögum.*

Skinfaxi.

### 3. Send bréf.

Bréf sent á RSK fyrirtækjaskrá v/breytingu á heimilisfangi félagsins.

### 4. Aðalfundir deilda og félagsins 2011.

EH kynnti drög að aðalfundartímum deilda. Ákveðið að aðalfundur félagsins verði mánudaginn 28. febrúar kl. 20:00. Allir aðalfundir verða haldnir í félagsheimili okkar nema aðalfundur fimleikadeildar sem verður haldinn í Íþróttakademíunni. Framkvæmdastjóra falið að auglýsa fundina.

### 5. Málefni knattspyrnudeildar.

EH bauð fulltrúa knattspyrnudeildar þau Hjördísi Baldursdóttur, Hjörleif Stefánsson og Odd Sæmundsson velkomin á fund. EH gaf síðan Hjördísi orðið sem fór yfir hvernig hún sæi að þetta samkomulag milli knattspyrnudeildar og aðalstjórna myndi vera gagnvart sér og taldi að hún gæti ekki veðsett sig og sína fjölskyldu v/ sjálfboðaliðastarfa fyrir knattspyrnudeildina, Hjörleifur og Oddur fóru einnig yfir hvernig þeir skildu þetta samkomulag. EH útskýrði tilurð samkomulagsins og hvað fælist í því m.t.d. ábyrgða. Nokkrar umræður um málið. Eftir þessar umræður og útskýringar á samkomulaginu voru fulltrúar knattspyrnudeildar sáttir við það samkomulag sem lá fyrir og ekkert því til fyrirstöðu að stjórnarmenn knattspyrnudeildar myndu skrifa undir. Óánægjan með samkomulagið hafði verið reist á misskilningi. EH þakkaði fulltrúum knattspyrnudeilda fyrir góðan fund og komuna.

### 6. Önnur mál.

EH er búinn að afhenda Guðbjörgu Jónsdóttur lyklavöld af Hringbraut 108. Undirritaður leigusamningurinn v/ Hringbrautar 108 liggur fyrir.

EH lagði fram exelskjál sem sýndi stöðu á færslu bókhalds deilda og aðalstjórnar.



Stjórn félagsins er ákveðinn í því að leggja fram lagabreytingar á lögum félagsins á næsta aðalfundi.

BS gerir athugasemdir með að ekki hafi verið fjallað um íþróttamenn Keflavíkur á heimasíðu félagsins. EH tekur undir þetta og biðst afsökunar á því en nær allur tíminn fer í að slá inn bókhald þessa daganna v/ slæmra skila deilda.

BS lýsti yfir óánægju sinni yfir hvernig okkar fólk mætti klætt þ.e.a.s. ekki í k- merktum fatnaði að undanskilinni sunddeild til að taka við viðurkenningum v/ Íslandsmeistaratitils. Stjórnarmenn tóku undir með BS.

BI kom inn á þegar verið er að leigja út salinn í félagsheimilinu þá væri ekki mikið til af hlutum í eldhúsinu. Nokkrar umræður um málið. Samþykkt að fela framkvæmastjóra að kaupa inn 120 glös og nauðsynlegustu áhöld í eldhúsið, einnig að kaupa inn fleiri grindur í uppþvottavélina.

Næsti fundur 27. janúar 2011

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:05  
Fundinn ritaði SG

